

## STOFNFRAMLÖG

Opnað fyrir umsóknir um stofnframlög ríkisins í fyrri úthlutun ársins.

### Umsóknarfrestur til 21. mars 2022.

Ágæti viðtakandi,

Hægt er að sækja um stofnframlög ríkisins á heimasíðu HMS og er umsóknum skilað inn á rafrænu formi. Nánari upplýsingar um stofnframlög má finna [hér](#).

Samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum mun að minnsta kosti fjórðungur þess fjármagns sem kemur til úthlutunar renna til bygginga eða kaupa á húsnæði á vegum sveitarfélaga. Er það íbúðarhúsnæði sem sveitarfélög úthluta og ætlað þeim aðilum sem sveitarfélögum ber sérstök lagaskylda til að veita úrlausn í húsnæðismálum. Önnur félög en þau sem eru í eigu sveitarfélags geta fallið innan þessarar forgangsreglu að því gefnu að þau séu með samning við viðkomandi sveitarfélag um að íbúðirnar verði nýttar sem íbúðarhúsnæði á vegum sveitarfélagsins og úthlutað í samræmi við reglur þess. Þá munu verkefni til uppbyggingar húsnæðis fyrir tekju- og eignalágra á vinnumarkaði hafa forgang til 2/3 hluta úthlutaðs fjármagns.

Að öðru leyti fer úthlutun stofnframlaga eftir mati á þörf fyrir íbúðarhúsnæði á viðkomandi svæði og fyrir viðkomandi félagshópa.

Mikilvægt er fyrir umsækjendur og sveitarfélög þar sem sótt er um stofnframlög að hafa eftirfarandi þætti í huga vegna umsókna um stofnframlög:

- Skila þarf inn staðfestingu um veitingu stofnframlags af hálfu þess sveitarfélags þar sem almennar íbúðir verða staðsettar.
- Með ofangreindri staðfestingu þarf að fylgja staðfesting á fjárhæð og formi stofnframlags sveitarfélags, sjá [hér](#).